

Fundargerð 103. fundar.

103. fundur framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins var haldinn á skrifstofu Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis að Garðatorgi 7 í Garðabæ. Kl. 14 þann 3. apríl 2014.

Fundinn sátu Guðmundur H. Einarsson, Árný Sigurðardóttir, Þorsteinn Narfason, Kristín Lóa Ólafsdóttir og Páll Stefánsson sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þá sat fundinn Jóna Bjarnadóttir frá verkfræðistofunni Mannviti. JB starfar sem ráðgjafi stýrihóps við heildarendurskoðun vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu og er ritari við vinnu endurskoðun heilbrigðissamþykktar.

Dagskrá:

1. Endurskoðun heilbrigðissamþykktar fyrir vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins.

Lagt fram erindi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu frá 24. mars 2014 til heilbrigðis-
eftirlitssvæða á höfuðborgarsvæðinu. Í erindinu er kynnt tillaga um heildarendurskoðun á vatnsvernd
á höfuðborgarsvæðinu og óskað eftir umsögn.

Heilbrigðisnefndir munu veita umsagnir. Framkvæmdastjórnin um vinna tillögu að nýrri
heilbrigðissamþykkt sem leysa mun samþykktin 636/1997 af hólmi.

Á fundinum var farið yfir gildandi samþykkt.

Vinnu við endurskoðun var ekki lokið en ákvörðun tekin um áframhald þeirrar vinnu.

Fundi var slitið kl. 16.